

# HÁSKÓLABÍÓ

þar sem allir salir eru stórir

Hagatorgi sími 530 1919

**KEANU REEVES JAMES SPADER**

**THE WATCHER**

Sýnd kl. 6, 8 og 10. B. i. 16

**BEN AFFLECK**

**PEARL HARBOR**

7. desember 1941, skyndiárás sem breytti lífi þeirra að eilífu.

Sýnd kl. 4.30 og 8. B. i. 12.

31 þúsund áhorfendur

★★★★ 1/2 Hugleikur

**MUMMY**

KVIKMYNDIR.is

Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.30.

Svikavefur

MONICA PFEIFFER

**along came a spider**

Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.30. B. i. 16.

FILMUNDIR

Á TOPPINUM Í USA Í TVEI VIKU

**MEXICAN**

Sýnd kl. 10. Síðustu sýningar. B. i. 14

**Some Voices**

Einlæg, dramatisk og bráðskemmtileg bresk mynd sem lætur engan ósnortinn

★★★★ OHT Rás 2

Sýnd kl. 6 og 8.

NYTT OG BETRA SAGA-BÍÓ

Álfabakka 8, sími 587 8900 og 587 8905

**HEAD OVER HEELS**

...frá þeim sem áttu upphaflegu hugmyndina að There Is Something About Mary

Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10. Vit nr. 242.

**PEARL HARBOR**

7. desember 1941, skyndiárás sem breytti lífum þeirra að eilífu.

Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10. Vit nr. 235. B. i. 12 ára

Sá snjalli er bxnalaus!

Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10. Vit nr. 236.

★★★★ KVIKMYNDIR.is

Sýnd kl. 4, 5.30, 8 og 10.30. Vit 234

Sýnd kl. 8 og 10. B. i. 16. Vit nr. 238.

Sýnd kl. 4. Íslenskt tal. Vit nr.

Nyi Stillinn Keisarans

Sýnd kl. 3.45. Vit nr. 213

www.sambioin.is



Taj Mahal með kassagítarinn.

## Goðsögn í blúsheiminum

**BANDARÍSKI** blústonlistarmaðurinn Taj Mahal leikur á Broadway 27. júlí nk. Hann kemur hingað á ferð sinni frá Evrópu til Bandaríkjanna og og með honum leikur stórsveitin The Hola Bluesband frá Hawaii.

Taj Mahal er goðsögn í blúsheiminum, einn virtasti blústonlistamaður Bandaríkjanna og lærifaðir margra yngri tónlistarmanna. Hann er opin fyrir alls kyns nýjungum og

**Taj Mahal á Íslandi** hefur þar af leiðandi starfað með fjölda tónlistarmanna hvaðanæva úr heiminum, en þ.á m má nefna Miles Davis, Bob Marley, John Lee Hooker, Jimi Hendrix, Bob Dylan, B.B. King, Bonnie Roatt, Eric Clapton og fleiri. Tónlist hans er skemmtileg blanda af karabísk-hawaiiískri tónlist og bandarískum blús, hún er hrynheit, dansvæn og þykir sérlega hljómfögur.

## Vegir Sinead O'Connor eru órannsakanlegir

### Í hjónaband á ný

ÍRSKA söngkonan Sinead O'Connor er löngu orðinn sérfræðingur í að koma fólki í opna skjöldu þegar einkalíf hennar er annars vegar.

Ekki alls fyrir löngu tilkynnti hún fjölmiðlum það á rækilegan hátt að hún væri komin út úr skápnum, að hún væri lesbísk og hefði í raun ætíð verið það innst inni. Gott og vel.

Nú hefur hún hins vegar tilkynnt að hún hyggst ganga í hjónaband í annað sinn, nú með breska blaðamanninum Nick Sommerlad sem er, eins og flesta væntanlega grunar, karlmaður. Hin 34 ára O'Connor og 27 ára gamli Sommerlad eru víst búin að vera í sambandi síðan í febrúar en hann ku vera fjarskildur ættingi Sylvíu Svíadrottningar.



Sinead O'Connor hefur ástæðu til þess að brosa þessa dagana.

## Opnun á yfirlitssýningu Errós

# Aldrei fleiri gestir

YFIR eitt þúsund manns voru viðstaddir opnun á yfirlitssýningu Errósafnsins í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi sl. laugardagskvöld og hafa aldrei verið jafn margir við einstaka opnun Listasafnsins frá opnun þess.

Borgarstjóri Reykjavíkur, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, opnaði sýninguna en við sama tækifæri fór í fjórða skipti fram afhending úr Listasjóði Guðmundu S. Kristinsdóttur, móðursystur Errós. Sjóðinn stofnaði Erró til minningar um frænku sína og er honum ætlað að efla og styrkja efnilegar listakonur. Framlag sjóðsins féll að þessu sinni í skaut listakonunnar Gabríelu Friðriksdóttur og nemur upphæðin þrjúhundruðþúsund krónum. Gabríela hefur haldið margar einka- og samsýningar allt frá því hún lauk námi árið 1997.

Mikill áhugi er fyrir yfirlitssýningu þessa heimsfræga íslenska myndlistarmanns, en daginn eftir opnunina komu yfir 600 manns að sjá sýninguna. Soffía Karlsdóttir, kynningarstjóri safnsins, segir það greinilegt að gríðarlegur áhugi ríki meðal almennings um verk Errós. „Það var ekki aðeins metaðsókn, heldur rokseldust rit og bækur um Erró sem við erum með til sölu í safninu. Það er greinilegt að áhugi fyrir lífi og list Errós er mikill og einlægur meðal Íslendinga,“ segir Soffía.



Morgunblaðið/Halldór Kolbeins Djasstríóð Flís lék fyrir Erró og vini hans.



Myndlistarkonan Gabríela Friðriksdóttir tekur við styrknum úr hendi Eiríks Þorlákssonar.



Það var glatt á hjalla hjá Sveini Einarssyni, Erró og Birni Bjarnasyni.



Myndlistarmaðurinn Sigurður Árni og listakokkurinn Rúnar Marvinnson áttu í hrókasamræðum við Erró.



Bragi Ásgeirsson og Erró hafa þekkt í áratugi.